

36. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 11. mars 2016 kl. 13:00 við Norðurgötu

Mættir: Katrín Freysdóttir foreldrafulltrúi, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Sigríður Ósk Salmannsdóttir fulltrúi starfsmanna, fulltrúar nemenda þau Guðjón Fannar Magnússon, Ásdís Ósk Gísladóttir, Guðrún Fema Sigurbjörnsdóttir og Jón Pétur Erlingsson, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sem stýrði fundi.

1. **Skóladagatal:** Skólastjóri kynnti nýjustu útfærslu skóladagatal Grunnskóla Fjallabyggðar fyrir næsta skólaár sem nú er í vinnslu. Eftir að dagsetningar komu á samræmd próf í 9. og 10. bekk í mars á næsta ári þá þykir það ljóst að ekki er hægt að hafa vetrarfrí nemenda í vikunni á undan. Því eru lagðar til breytingar á vetrarfríinu þannig að það verði 2 dagar fyrir áramót og 1 dagur eftir áramót, þá eftir samræmdu prófin. Skjalið er enn í vinnslu en vonandi fer að sjá fyrir endann á þeirri vinnu.
2. **Drög að viðmiðunarstundaskrá:** Skólastjóri fór yfir drög að viðmiðunarstundarskrá fyrir næsta skólaár sem nú liggur fyrir. Nú er miðað við 60 mínútna kennslustundir sem er breyting frá því áður þegar útreikningar tóku mið af 40 mínútna kennslustundum. Umræður sköpuðust um viðmiðunarstundarskrána.
3. **Stundatöflur:** Skólastjóri kynnti nýjustu drög að stundarskrám fyri öll stigin, en þessi drög hafa breyst lítilsháttar frá því þau voru kynnt á síðasta fundi skólaráðs. Eins og áður er miðað við 60 mínútna lotur en þó þarf að gera undanþágur á þeirri reglu bæði á miðstigi og í unglingadeild vegna matartíma þar sem ekki komast allir nemendur fyrir í matsalnum í einu.
4. **Endurskoðun á kafla í starfsáætlun bls. 10-11:** Í ljósi þess að skólabíllinn hefur orðið fyrir endurteknum skakkaföllum á vegkaflanum um Saurbæjarás er ljóst að endurskoða þarf starfsáætlun skólans og koma viðbrögðum um rútuóhöpp inn í áætlunina. Miklar umræður sköpuðust á fundinum um hver bæri ábyrgð og hvernig væri best að bregðast við áföllum sem þessu. Ákveðið að breyta viðbragðskaflanum í starfsáætluninni og bæta þar inn undirkafla sem heitir *Viðbragðsáætlun vegna óhapps eða slyss*. Töluverðar umræður sköpuðust um skólarútuna og nauðsyn þess að skilgreina hver ber ábyrgð ef t.d. iðkendur íþróttafélaganna eru að ferðast með rúttunni að loknum skóladegi. Ákveðið að semja ályktun til að senda til bæjaryfirvalda þar sem skorað er á bæjaryfirvöld að ráða rútuíða sem væri í rúttunni í öllum ferðum hennar yfir daginn, hvort sem um er að ræða ferðir á vegum skólans, seinnipartsferðir sem oft eru nýttar af íþróttafélögum til að koma iðkendum á milli bæjarkjarna eða ferðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar Neon.

Fundi slitið kl. 14:00

Guðrún Unnsteinsdóttir